

**Sp.**

**159. Fyrirspurnir.**

[119. mál]

I. Til utanríkisráðherra um nýtingu landgrunnsins.

Frá Sigurði Bjarnasyni

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um verðmæt jarðefni, föst eða fljótandi, í hafsbotni íslenska landgrunnsins?
2. Hafa farið fram eða eru í vændum skipulegar, vísindalegar rannsóknir á landgrunninu með könnun auðlinda þess í huga?
3. Hafa íslenskum stjórnvöldum borizt óskir um það frá erlendum aðilum að fá að kanna, með borunum eða á annan hátt, hvort olíu eða önnur verðmæt jarðefni sé að finna í landgrunninu, sbr. lög nr. 17 frá 1. apríl 1969?

II. Til iðnaðarmálaráðherra um starf forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Hvenær verður auglýst laust til umsóknar forstjórastarf við Sementsverksmiðju ríkisins og það veitt samkv. 6. gr. laga nr. 35 1948, um sementsverksmiðju?